

Minnisblað**2009518 Arnarhraun 50, búsetukjarni**

Til: bæjarráðs

Frá: sviðsstjórum fjölskyldu- og barnamálasviðs, fjármálasviðs, stjórnsýslusviðs og umhverfis- og framkvæmdasviðs.

23. september 2020

17. desember 2018 stofnaði Hafnarfjarðarkaupstaður húsnæðissjálfsseignarstofnun sem hefur þann tilgang að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra íbúða og veita þjónustu í almannabágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016. Heiti stofnunarinnar er Heimilin íbúðafélag hses.

Heimilin hses hófu strax byggingu á tveimur búsetukjörnum með 6 íbúðum í hvorum. Annar er á Arnarhrauni 50 og er fullbúinn og hinn er á Öldugötu 45 sem stefnt er að að verði tilbúinn febrúar 2021.

Flutt hefur verið inn í 4 íbúðir á Arnarhrauni 50.

Heimilin hses sóttu um stofnframlag vegna beggja bygginganna og fékk framlag frá Íbúðalánasjóði nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Hafnarfjarðarkaupstað, samtals 38% en veitt var viðbótarframlag vegna þess hvaða hópi íbúðirnar eiga að þjóna.

Að Arnarhrauni verður rekinn búsetukjarni fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Rekstur búsetukjarnans verður alfarið á ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar bæði fjárhagslega og faglega. Í kjarnanum eru sex íbúðir auk starfsmannaíbúðar. Hafnarfjarðarkaupstaður er leigutaki og leigir húsnæðið af sjálfseignarfélaginu Heimilin hses. Leigutaki annast allt viðhald á hinu leigða, innan húss sem utan. Nauðsynlegt er að hafa þetta ákvæði í leigusamningi (5. gr. samningsins) þar sem krafa hefur komið frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um að Hafnarfjarðarkaupstaður ábyrgist reksturinn að öðrum kosti verði stofnframlagið ekki greitt.

Fasteignin að Arnarhrauni 50 er leigð til leigutaka í heild sinni sem er heimilt að framleigja íbúðirnar til íbúa búsetukjarnans.

Á fundi bæjarráðs 24. september 2020 liggur húsaleigusamningur á milli Heimilanna hses og sveitarfélagsins til samþykktar.